

EFTIRLITSSKÝRSLA

Norðurþing - Kópasker urðun við Kópasker



Dags eftirlits	11.9.2024	Ábyrgðarmaður eftirlits	Halla Margrét Viðarsdóttir
Fyrirtæki	Norðurþing - Kópasker	Eftirlitsmaður	Halla Margrét Viðarsdóttir
Heimili	Ketilsbraut 9	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	640169-5599	Flokkur	Úrgangur og efnamóttaka
Fulltrúi fyrirtækis	Elvar Árni Lund	ÍSAT nr.	38.21.0
Fulltrúi fyrirtækis		Staðsetning	615746,542 649342,948

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Þrjú frávik komu fram við eftirlit á urðunarstað Kópaskers og varða frávikin urðun umfram heimildir starfsleyfis ásamt geymslu á timbri inn á urðunarstað, ófullnægjandi skráningum vegna innra eftirlits urðunarstaðar, ásamt því að skilafrestur ársyfirlits var ekki virtur. Engar ábendingar eru lagðar fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit á urðunarstað Norðurþings í Kópaskeri í samræmi við 57. gr reglugerðar nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnareftirlit. Urðunarstaðurinn hefur heimild til að taka á móti 600 tonnum af úrgangi á ári sem á uppruna sinn í Kópaskeri, á Raufarhöfn og dreifbýli í nágrenni staðarins. Hefur urðunarstaður heimild til urðunar á 500 tonnum af almennum úrgangi, óvirkum úrgangi sem ekki flokkast sem spilliefni. Ekki má urða úrgang sem fellur undir 8 gr. reglugerðar nr. 738/2003 um urðun úrgangs. Heimilt er að geyma um 100 tonn af brotamálmi á svæðinu yfir árið, hámark 50 tonn á hverjum tíma. Geymsla á öðrum úrgangi er óheimil. Starfsleyfi var gefið út þann 16. Desember 2015 og er gildistími þess til 16. desember 2031.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Farið yfir stöðuna frá síðasta eftirliti
- Farið yfir starfsleyfið og minnt á skil skv. því
- Eftirlitsmælingar og skráningar
- Áætlanir og viðbrögð
- Umgengni og aðkoma lóðar
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Önnur mál
- Skoðunarferð

Síðast fór fram eftirlit á urðunarstað Kópaskers árið 2023 og komu þá fram þrjú frávik. Fyrsta frávikin varðaði að ekki voru til staðar skráningar á innra eftirliti rekstraraðila ásamt umhverfisvöktun, var ekki skilað réttum skráningum vegna móttækis úrgangs. Annað frávikin varðaði að ekki var skilað niðurstöðum mælinga vegna grunnvatns og yfirborðsvatns og þriðja frávikin varðaði að ekki var skilað inn til Umhverfisstofnunar niðurstöðum skráninga, sbr. gr. 5.1 fyrir 1 maí það ár. Óskaði rekstraraðili eftir leiðbeiningum til að geta bætt úr skilum. Var honum leiðbeint með skráningar vegna úrgangs sbr. 4.1 í starfsleyfi ásamt leiðbeiningum hvernig skuli staðið að skilum á öðrum atriðum.

Verktaki sér um urðunarstaðinn á Kópaskeri og heldur utanum skráningar vegna úrgangs og skilar inn tölum mánaðarlega til sveitarfélagsins, eftir eftirlit sendi rekstraraðili uppfærðar tölur til Umhverfisstofnunar og skilaði hann einnig inn skýrslum vegna uppgufunar og vöktun grunnvatns vegna ársins 2022.

Á árinu var ekki skilað inn ársyfirliti, sbr. gr. 5.4 í starfsleyfi og þá með samantekt á upplýsingum varðandi skráningar sbr. gr. 4.1 ásamt niðurstöðum innra eftirlits sbr. gr. 5.1. Þann 4. apríl skilar rekstraraðili inn skráningum á úrgangstölum í gagnagátt Umhverfisstofnunar. Eiga þær skráningar við um sveitarfélagið í heild sinni og eru því þar skráðar upplýsingar vegna beggja urðunarstaða sveitarfélagsins. Er mikilvægt að eftirlitsaðili með starfsleyfi urðunarstaðar geti greint í sundur skráningar út frá starfsemi starfsleyfisins frá þeim sem varða sveitarfélagið í heild sinni.

Rekstraraðili skilaði ekki inn upplýsingum varðandi tölul. 2.-5. í gr. 5.1 í starfsleyfi er varðar skráningar innra eftirlits vegna urðunarstaðar sem einnig ber að skila árlega í skýrslugjöf til Umhverfisstofnunar.

Samkvæmt skráningum gagnagáttar vegna ársins 2023, þá var tekið á móti 599 t af úrgangi til urðunar af blönduðum heimilisúrgangi auk sorphirðu, gámasvæðis og rúmfreks úrgangs og er því urðað 99 tonn umfram heimild starfsleyfis.

Þann 2. maí var skilað niðurstöðum vegna veðurathugana og uppgufunarmælinga og eftir eftirlit, þann 11. september voru niðurstöðum vegna umhverfisvöktunar skilað vegna ársins 2023.

Niðurstöður úr mælingum og efnagreiningum úr vöktunarholum á Kópaskeri vegna grunnvatns gefa ekki tilefni til athugasemda, aðrar en þær að áhrif vegna urðunar gætir þá helst í leiðni. Magn og samsetning yfirborðsvatns eru mæld annað hvert ár og voru síðast mælt árið 2022.

Ekki er tilefni til athugasemda vegna verklags við urðun eða aðkomu að urðunarstað.

Frávik frá

Lýsing á fráviki

grein 1.2 í starfsleyfi:

Samkæmt skráningum í gagnagátt Umhverfisstofnunar voru urðuð 599 t árið 2023 sem eru 99 t umfram heimild starfsleyfis. Auk þess er tímabundin geymsla á timbri ekki tilgreind í starfsleyfi og því er óheimilt að geyma timbur eða annan úrgang inn á urðunarstað, annan en þann sem tilgreindur er undir móttökuheimildir í starfsleyfi.

grein 5.1 í starfsleyfi:

Ekki var skilað inn skráningum vegna tölulíða 1. - 5. Þar sem upplýsingum vegna tveggja urðunarstaða sveitarfélagsins Norðurlands er skilað inn í gagnagátt Umhverfisstofnunar er þörf á því að skila upplýsingum um allan úrgang sem tekið er á mótí sérstaklega í árlegri skýrslugjöf til eftirlitsaðila vegna starfsleyfis urðunarstaðar.

grein. 5.4 í starfsleyfi:

Rekstraraðili skal senda eftirlitsaðila niðurstöður skráninga, sbr. 5.1, fyrir 1. maí ár hvert. Upplýsingar vegna gr. 4.1 þurfa að koma fram í þeim skráningum. Skiladagur árið 2024 var ekki virtur (sjá nánari umfjöllun í skýrslu).

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

Reykjavík,

Halla Margrét Viðarsdóttir

Halla Margrét Viðarsdóttir